



# Pési

Næsti Pési kemur út í nóv 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi **7. nóv** 2016.



## Frá Bókasafni Hrunamanna



## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Um að gera að kíkja á bókasafnið – lestur er bestur.



**Verið hjartanlega velkomin.**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



## Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu



okt 2016  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

26. árgangur.  
308.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður heilsar okkur með mildum hætti en það má segja að við njótum blíðvirðis áfram. Það sem einkennir veðráttu síðustu mánaða er óvenjulegt hitastig en það má segja að varla hafi komið alvöru frost hingað til. Hvort sem um er að kenna duttlungum náttúrunnar eða hækkun hitastigs á heimsvísu er ekki gott að segja en vonandi er þó um fyrri kostinn að ræða. Ef ástæðan er hins vegar „global warming“ þá er ástæða til að hafa áhyggjur.

Ég býst við að ræktendur sveitarfélagsins séu býsna ánægðir með uppskeru ársins. Á það bæði við um útiræktun á grænmeti, korn, skógarbændur og heyskap sumarsins. Vonandi verður það til þess að þessi grunnstoð og öflugi atvinnurekstur í sveitarfélaginu standi enn styrkari fótum en áður. Þá verð ég einnig að hrósa þeim sauðfjárbændum sem reka á Hrunamannaafreitt að taka það frumkvæði að breyta fyrirkomulagi á smalamennsku á afreittinum. Það þarf alltaf ákveðið þor til að leita lausna og prófa nýjar leiðir, sérstaklega þegar hlutir hafa verið gerðir með öðrum hætti um aldir. Það minnir okkur líka á að upprekstur á afrétt og Hrunaréttardagurinn er hluti af menningarhefð okkar. Þó fé sé að fækka á fjalli vona ég að sú staða komi ekki upp að upprekstur á fjall og réttir leggist af í okkar sveit.

Á vettvangi sveitarstjórnamála er októbermánuður annasamasti tími ársins og er reyndar alveg undirlagður í ýmsum fundum og ráðstefnum. Þetta er fylgifiskur þess að verið er að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir næstu 4 ár og eins og venjulega eru ýmsar blikur á lofti. Okkur finnst að miðað við umsvif í samfélaginu, bæði okkar og annars staðar, að tekjur sveitarfélagsins aukist ekki í samræmi við það. Umræðan er einmitt sú að miðað við aukinn fjölda ferðamanna á landinu þá sitji tekjurnar misjafnlega eftir. Sveitarfélögin hafa lagst fast á ríkið að þessu þurfi að breyta og ég held að það sé vaxandi skilningur á þessari staðreynd hjá stjórnmalá mönnum að það er vitlaust gefið.

Nú er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 að fæðast og vinna við hana komin vel á veg. Um næstu mánaðarmót kemur betur í ljós hvernig þetta lítur út hjá okkur en eins og áður segir er það verðugt verkefni að hnoða slíkri áætlun saman svo vel sé. Það er ljóst að ýmis áform eru upp um fjárfestingar í sveitarfélaginu og ef þær ganga allar eftir er ljóst að sveitarfélagið þarf að fara í verulega innviðauppyggingu.

Á það sérstaklega við um frá- og hitaveitu framkvæmdir. Hins vegar er dálítið snúið að setja slíkar fjárfestingar inn í áætlanir fyrir en fyrir liggur að uppbyggingin verði örugglega að veruleika en vissulega er það spennandi úrlausnarefni.

Sem dæmi um málaflokk sem gríðarlegur kostnaðarauki er að verða af eru úrgangsmál. T.d. liggur fyrir að okkur sýnist að sorpmagn og kostnaður milli árana 2015 og 2016 aukist um 30%. Okkur sýnist einnig að aðalaukningin sé hjá fyrirtækjum og framleiðendum í sveitarfélaginu. Það bendir til þess að við neyðumst til að hækka gjaldskrár í úrgangsmálum verulega og þá sérstaklega hjá þeim sem eru að skila af sér mesta magninu. Í sambandi við gámasvæðið á Flúðum viljum við hvetja fólk til að nýta sér trjáskurur sem er á svæðinu en það er gjaldfrjálst fyrir íbúa, fyrirtæki og sumarhúsaeygendur í Hrunamannahreppi. Annað sem við bendum öllum á er að flokka og ganga vel um gámasvæðið okkur. Einnig að nýta sér möguleika sem svæðið býður upp á að koma úrgangi í endurvinnslu, t.d. hólkum utan af rúlluplasti sem þökufólkið tekur síðan án fyrirhafnar af okkar hálfu.

Nú er sveitarfélagið búið að selja 2,8ha land sem það átti við Bræðratunguveg til SIAL ehf en það félag átti forkaupsrétt á landinu. Á þessu svæði á að fara af stað uppbygging á sumarhúsum og er búið að ganga frá samkomulagi við Hitaveitu Flúða og Hrunamannahrepp um að leggja heitt og kalt vatn á svæðið. Þá er sveitarfélagið einnig búið að ganga frá leigusamningi við ÁTVR um allt húsnæðið að Akurgerði 4. Þeir þurfa nauðsynlega að stækka aðstöðuna hjá sér og þetta varð niðurstaðan en þeir taka að sér allar framkvæmdir vegna breytinga á húsnæðinu og á lóðinni.

Ég vil óska Sindra bakarí til hamingju með bakaríið í Smiðjustígnum og síðan verksmiðjubakaríið á Iðjuslóð. Það er gaman að þessu frumkvæði og mér sýnist að fólk og ferðalangar taki þessu framtaki mjög vel. Það eru einmitt svona sprotar sem skipta svo miklu máli því þeir bæta bæði við flóru atvinnutækifæra og möguleika svæðis til uppbyggingar. Að mörgu leyti eigum við Gömlu lauginni mikið að þakka varðandi aukin umsvif í ferðaþjónustu í sveitinni og Bjössi hefur staðið sig vel með Gömlu laugina og þróun hennar. Sú starfssemi sem þar er rekin hefur leitt til margra afleiddra starfa sem ekki er enn séð fyrir endann á.

Á hinn bóginn hefur aukin starfssemi þau áhrif að íbúðaskortur sem hefur verið í sveitarfélaginu í nokkurn tíma eykst frekar en hitt. Góðu fréttirnar eru að sveitarfélagið hefur úthlutað lóðum í Austurhofi, Smiðjustíg og við Hrunamannaveg við Félagsheimilið sem allar miða að því að byggja íbúðarhúsnæði. Hins vegar væri æskilegt að þær framkvæmdir færu af stað sem fyrst því þörfin er gríðarleg. Nú eru nýjar reglur komnar varðandi húsnæðisstuðning ríkis og sveitarfélaga vegna stofnframlaga vegna almennra leiguíbúða. Sveitarfélagið lýsir sig tilbúið til samstarfs við þá aðila sem myndu vilja stofna slík félög með það í huga að bjóða leiguhúsnæði til þeirra sem mest þurfa á því að halda að fá leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði.

Ég vil að lokum vekja athygli og hvetja alla til að nýta sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á sér til afþreyingar í skammdeginu. T.d. hvað er betra en að skreppa á bókasafnið, krakkana að koma við í félagsmiðstöðinni, fara í sund með börnin eða bregða sér í íþrótt- eða tækjasalinn. Þá hvet ég alla eldri borgara til að nýta sér starfið í Heimalandi, fara í kór eldri borgara eða nýta sér tíma í sundlaug og íþróttahúsi. Þá vil ég hvetja alla til að taka þátt, eftir sínu áhugasviði, í þeim ótal félagasamtökum sem eru með starfssemi í sveitarfélaginu. Það er reyndar með ólíkindum hvað er mikið félagsstarf í gangi í samfélaginu og munum að maður er manns gaman.

Höfum það gott og njótum haustsins saman fram að jólum.

Jón G. Valgeirsson


Sveitarstjóri

Hið árlega og frábæra

körfulboltabingó

körfulboltadeildar Umf.Hrunamanna  
verður sunnudagskvöldið

23.október í Félagsheimili Hrunamanna og hefst það stundvíslega kl.20.00. Takið kvöldið frá fyrir skemmtilega kvöldstund. Iðkendur, foreldrar og velunnarar körfulboltans eru beðnir um að útvega vinninga og koma þeim til stjórnar.



## SMÁRI



## HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDA SMÁRA OG LOGA

Farið verður í hina árlegu haustferð með langferðabíl eftir skóla föstudaginn 28. október.

Takið daginn frá.

Ferðinni er heitið austur fyrir Þjórsá.

Heimsóttir verða hestamenn og snædd pizza.

Nánar auglýst þegar nær dregur á fésbókarsíðu Smáarakrakka.

Kveðja, æskulýðsnefnd Smára




Download from  
Dreamstime.com

© iStock  
© iStock.com

Tek að mér tamningu/þjálfun hrossa fram að áramótum.

Nánari upplýsingar í síma: 774-2109

Elís Arnar Jónsson  
Dalbæ 1



## Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opn alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsuind frá landnámi



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og  
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.

**TAXI DRIVER**

*Sími: 7760810 & 7831224*

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting  
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.  
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á  
[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir





## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) eða í síma 4-800-900.

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt



Söngsveitin Tvennir tímar, kór eldra fólks í upp-  
sveitum Árnessýslu, er að hefja vetrarstarfið. Æf-  
ingar fara fram í Félagsheimilinu á Flúðum á  
fimmtudögum kl.13:00. Söngstjóri er Stefán Þor-  
leifsson. Stefnt er að vortónleikum og þema söngs-  
krárinnar eru vinsæl dægurlög síðustu aldar og taka  
æfingar mið af því. Góður og skemmtilegur félags-  
skapur sem rifjar upp kynni fyrri ára. Við hvetjum  
eldra fólk, sem hefur ánægju af söng að koma og  
taka þátt í góðum félagsskap. Stjórnin.

### Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



**Samkaup** strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-20:00

Laugardaga 10:00-20:00

Sunnudaga 10:00-18:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is)<mailto:fludir@samkaupstrax.is>



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
[RAFJENS@EYJAR.IS](mailto:RAFJENS@EYJAR.IS)

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
[ROBBIRAF@SIMNET.IS](mailto:ROBBIRAF@SIMNET.IS)

## Basar í Þingborg 5. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 5. nóvember 2016 kl. 13.00-17.00.

Öll innkoma rennur til kaupa á sérhæfðu sjúkrarúmi fyrir Skammtímavistun í Álftaríma 2, en rúmið kostar um eina milljón króna. Hlutverk skammtímavistunarinnar er að léttu álagi af fjölskyldum vera afþreying og tilbreyting fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Lögð er áhersla á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og seldar verða vöflur og kaffi.

Tekið verður við greiðslukortum.

Ef þig langar að styrkja þetta góða málefni með okkur, þá er allt handverk vel þegið.

Tekið verður við munum á basarinn í Þingborg, 1. nóv kl. 19.00-22.00 og 2. nóv kl. 14.30 til 17.00, einnig má skila þeim til Guðrúnar á skrifstofu Flóahrepps fyrir hádegi þessa daga.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, .  
Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.





## Leikskólafréttir

Nú er vetrarstarf leikskólans að komast í gang eftir sumarfrí. Þegar börnin mæta að hausti er alltaf eitthvað um breytingar á deildum og það tekur mismikinn tíma að venjast nýju starfsfólki og nýjum venjum.

Við njótum þeirra forréttinda að geta tekið inn öll börn sem sækja um pláss hjá okkur, frá eins árs aldri. Yngsti árgangurinn okkar kemur til með að telja átta börn um næstu mánaðarmót en þá koma síðustu börnin, sem við vitum um, í 2015 árganginum til okkar. Svo gerum við ráð fyrir að 2016 árgangurinn fari að banka á dyrnar upp úr áramótum Starfsfólk leikskólans horfir björtum augum fram á við og við hlökkum til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar, í leik og starfi, með börnunum ykkar/okkar ☺

Dyrnar á leikskólanum eru alltaf opnar ef þið hafið áhuga á að kíkja í heimsókn og sjá hvaða starf fer fram hjá okkur.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans Undralands,  
Ingibjörg, leikskólastjóri

## Karlasport

Mánudaginn 17. október hefst 7 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er

11.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar

18.30-19.30 og miðvikudagar

19.40-20.40.

Margrét Guðmundsdóttir sér um

þjálfunina á námskeiðinu og tekur

hún við skráningum á netfangið [margretg@fludaskoli.is](mailto:margretg@fludaskoli.is)

ásamt því að svara spurningum um karlasportið.



## Skógarkotsfréttir

Haustið og veturinn leggst vel í okkur á Skógarkoti. Börnin eru námsfús, hugmyndarík og mjög dugleg að leika sér. Við leggjum sem fyrr mikla áherslu á félagslega færni og almenn samskipti og eru börnin að verða mjög flink á þessu sviði. Síðan við byrjuðum í ágúst höfum við verið mikið úti að skoða umhverfið og efla umhverfisvitundina okkar. Við erum dugleg að flokka pappír inni á deild og er allt þetta liður í því að taka skrefin í áttina að Grænánanum. Við tókum ruslapoka með okkur í hvern einasta útikennslutíma og göngutúr og hafa þeir verið fljótir að fyllast. Börnin skilja lítið í þessari umgengni fólks um jörðina okkar og hafa oft talað um að það þyrftu að vera fleiri ruslatunnur sýnilegar í sveitinni okkar svo fólk sé ekki að henda öllu út um allt ☺.

Í vor var ákveðið að taka árstíðirnar inn í þemað „Sveitin mín“ í vetur og höfum við nýtt okkur opnu spurningarnar: Hvað? Hvernig? Hvers vegna? við að fá börnin til að viðra hugmyndir sínar um haustið og hvað gerist á haustin í sveitinni okkar, bæði í umhverfinu og samfélaginu. Mörg falleg og skemmtileg verk tengd haustinu og viðburðum í samfélaginu hafa lítið dagsins ljós og má þar nefna t.d. Hrunaréttir og haustlaufblöð. Í október ætlum við að tengja formin og vinnu með þau inn í haustvinnuna okkar.

Um miðjan september byrjuðum við með skipulagðar Lubbastundir fyrir öll börnin á Skógarkoti. Þessar stundir hafa vakið mikla lukku og er ætlunin að útvíkka notkun Lubba í allt starfið á deildinni. Efnið „Lubbi finnur málbein“ er bráðskemmtilegt og er hljóðanám þar sem lagt er upp með tileinkun máhljóða á grundvelli fjölskynjunar. Verið er að samþætta skynleiðir; heyrnar-, sjón- og hreyfi-/snertiskyn. Hvert máhljóð er kynnt til sögunnar með hljóðstöðumynd, táknrænni hreyfingu, hnyttinni og skemmtilegri vísu úr smíðju Þórarins Eldjárns, örsögu með ríkulegum orðaforða ásamt tengingu við stóran og lítinn bókstaf. Freyja Þorkelsdóttir, deildarstjóri.



Gerð Hrunaréttu 27. september



Ruslatínsla 4. október



Hautlaufblöð 4. október



Kindur 13. september





Sameiginlegt lið Hrunamanna Þórs og Hamars í 8. flokki karla sem vann A riðil á fyrsta Íslandsmótinu þetta tímabilið sem haldið var í íþróttahúsinu á Flúðum nú í byrjun október.



Rúnar Guðjónsson og Jón Hermann Vignisson, fulltrúar ungmennaráðs Hrunamannahrepps, sátu ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi nú í lok september. Þar komu saman fulltrúar ungmennaráða á Suðurlandi og starfsmenn þeirra og ræddu málin.



## HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Vetrarstarfið er hafið í kirkjunum okkar og eins og áður verður reynt að hafa helgihaldið fjölbreytt. Hefðbundnar messur, fjölskylduguðsþjónustur, kvöldmessur með léttri tónlist, aðventusamkomur og áramótamessur eru meðal þess sem í boði verður nú á haustmisseri og til áramóta. Ég vænti þess að messudagskráin sé komin á áberandi stað á öllum heimilum í prestakallinu. Starf kirkjukóranna er komið á fullan skrið og eru æfingar á fimmtudögum hjá báðum kórum. Stjórnendur og organistar eru sem fyrr Þorbjörg Jóhannsdóttir og Stefán Þorleifsson. Fermingarstörfin eru einnig hafin en fræðslustundir fara fram vikulega í safnaðarheimilinu í Hruna. Fermingarbörnin þennan veturinn eru tólf talsins.

Af framkvæmdum í sóknunum er það helst að segja að búið er að koma fyrir upplýsingaskilti við sáluhlíðið í Hruna þar sem fjallað er um sögu kirkjunnar og staðarins bæði á íslensku og ensku. En skiltið er gjöf frá Hrunamannahreppi í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar á síðasta ári. Á Hrepphólakirkju var allt tréverk utan dyra málað í sumar. Framundan eru síðan heilmiklar framkvæmdir innandyrna í Stóra-Núpskirkju en til stendur að gera við tréverk, endurnýja rafmagn og lýsingu og mála. Framkvæmdir hefjast í byrjun næsta árs og eru unnar í samráði við Minjastofnun. Vonandi tekst að ljúka þessari vinnu næsta haust þannig að hægt verði að hefja helgihald að nýju í Stóra-Núpskirkju við upphaf vetrarstarfs 2017.

Að lokum minni ég á helgihaldið framundan:

**23. okt.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 14.

----

**6. nóv.:** *Messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngur.

Allar frekari upplýsingar um kirkjustarfið er að finna á heimasíðunni **hruni.is** og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Með blessunaróskum.  
*Óskar Hafsteinn Óskarsson*





## Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólakennari óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara í hlutastarf.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda um 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun: Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun. Ef ekki fæst leikskólakennari í starfið verður ráðinn leiðbeinandi tímabundið.

Hæfni: Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör: Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið [ingibjorg@undraland.is](mailto:ingibjorg@undraland.is). Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.



## **Kaffi-Sel – Local food - Pizzeria**

**Kaffi-Sel at Efra-Sel is open:**

**Fridays - Sundays 11:00 – 20:30**

**Afgreiðslutímar:**

**Föstudaga - sunnudaga  
kl. 11:00 – 20:30**

**Allir velkomnir! / Everyone welcome!**

[www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) / Facebook – kaffisel / Tel. 486-6454 /  
891-7811 / 661-5935

Hrúttadagur og fjallmannakvöld 22. október  
Sauðfjárræktarfélagið mun, eins og undanfarin ár halda  
Hrúttadag í Reiðhöllinni og byrjar fjörið 13:00. Um  
kvöldið verður svo haldið Fjallmannakvöld fyrir fjáreig-  
endur og fjallmenn í Félagsheimilinu. Takið daginn frá!



# GIANT D254SW

## Litli risinn

Giant D254SW er þægilegur og lipur liðléttingur sem er með mikla lyftigetna miðað við stærð en hann getur nánast lyft eigin þyngd.



- Ökuhraði allt að 15 km
- Mikil lyftigeta miðað við stærð
- Afmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 23x8.5-12 AS eða 23x10.5-12 AS
- Vinnuljós að framan
- Þynging með dráttartengi

Vél: Kubota D902  
25 HP/17,5 kW

Lyftigeta: 1000 kg  
Aksturshraði: 0-15 km

# GIANT D337T HD



- Hátt og lágt drif
- Ökuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigeta
- Afmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Niðurfellanlegt öryggishús
- Hátt og lágt drif 0-10 km/h 0-25 km/h
- Vinnuljós að framan
- 90 kg. þynging með dráttartengi

Vél: Kubota D1105-T  
33 HP/24 kW

Lyftigeta: 1450 kg  
Aksturshraði: 0-10 / 0-25 km

## Rúllugreip tvöföld



Einfaldar rúllugreipar á þritengi  
**Frábært verð**



Mustad skeifur, höfjaðrir og verkfæri fyrir hestamanninn og hestinn



Erum einnig með gömlu góðu Helluskeifumrar



**20% afsláttur af völdum tegundum í kattafóðri**



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

### **Veislubjónusta - Tilboð óskast.**

Hjónaballsnefnd Hrunamannahrepps óskar eftir áhugasömum og metnaðarfullum sælkerum til að sjá um veislumat á Hjónaballi Hrunamanna sem haldið verður í félagsheimilinu á Flúðum 4. mars 2017.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband við formenn Hjónaballsnefndar á netfangið

[midfelli@simnet.is](mailto:midfelli@simnet.is) eða í síma 846 9482 / 863 5201 fyrir 1. nóvember 2016.



F.h. Hjónaballsnefndar

Áslaug og Gunnlaugur

### **Skrifstofa Hrunamannahrepps.**

**Opnunartími.**

**Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00**

**Föstudaga: 09:00-12:30**

### **Kirkjukórinn hefur nú hafið starfsemi sína,**


en þann **6. okt** hófust hefðbundnar æfingar í Félagsheimilinu. Við hvetjum söngáhugafólk að ganga til liðs við okkur.

Æfingar á fimmtudagskvöldum kl: 20:30.

Fjölbreytt starf, fjölbreytt tónlist og fjölbreytt félagslíf einkenna

kirkjukórinn, sjáumst. ☺

Stjórn og organisti.



## Kjörskrá!

Kjörskrá fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 29. október 2016, liggur frammi á skrifstofu Hrunamannahrepps frá 19. október til 28. október á opnunartíma skrifstofunnar, kl: 09:00-12:00 og 13:00-16:00, föstudaga frá kl: 09:00-12:30.

## Kjörfundur!

Kjörfundur fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 29. október 2016 verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna þann 29. október 2016 frá kl: 10:00 – 22:00.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Eftir kjörfund verður kosningavaka í Félagsheimilinu.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram á Skrifstofu Hrunamannahrepps frá 10. október til 28. október á skrifstofutíma.